

**Hlutverk innri
endurskoðenda
í fyrirtækjum og
árangursríkt
samstarf við
gæðastjóra.**



Prudent-Advisory

-um fyrirtækið-



Guðmundur I. Bergþórsson,
framkvæmdastjóri og
stofnandi

Alls um 18 ára stjórnunarreynsla m.a. á sviði innri endurskoðunar.

Helstu verkefni:

- Stefnumótun og stjórnun.
- Uppbygging og umbreyting á starfsemi.
- Úttektir og (innri) endurskoðun á rekstri og fjárfestingum.
- Þróun frammistöðu- og framleiðslumælikvarða.

Menntun:

- Meistaragraður í hagfræði og viðskiptafræði.
- Viðurkenningar á sviði innri endurskoðunar; innri endurskoðandi, úttekt áhættustýringar, úttekt upplýsingaöryggis og leiðtogaviðurkenning.

Prudent-Advisory

-stefna-

Vision	Efficiency in every activity
Mission	We promote success by inspiring efficiency
Values	We work by integrity, responsibility and foresight. Services are provided on basis of appropriate skills and knowledge. Objectivity and confidentiality are taken care of.
Strategies	<ol style="list-style-type: none">1. Our products add values to our customers.2. Our knowledge is appropriate and within scope of our projects.3. We work with efficiency at competitive price.
Objectives and actions	Confidentiality.

Prudent-Advisory

-þjónusta-

Þjónusta: Heildræn stjórnunarráðgjöf ásamt ráðgjöf á tilteknum sérsviðum.

Viðskiptavinir: Stjórnir, undirnefndir þeirra, framkvæmdastjórar og lykilmillistjórnendur s.s. gæðastjórar.

Vinnuaðferð: Skilvirk og hagkvæmri rekstrarráðgjöf þar sem verkefni eru skilgreind sem samvinnuverkefni (e. co-sourcing).

Dæmi um sérsvið eru gæðastjórnun, innleiðing og rekstur staðla, straumlínustjórnun, áhættustýring, upplýsingatækni og upplýsingaöryggi, eftirlit og hagræn ákvörðunartaka.

Hlutverk innri endurskoðenda í fyrirtækjum...?

Innri
endurskoðendur
að störfum



Úttektarþoli í
ónefndu
fyrirtæki vorið
2016

...og árangursíkt samstarf við gæðastjóra?

Formal operational stage



Hlutverk innri endurskoðenda

-almennt-


Innri endurskoðun fer fram í margvíslegu lagaumhverfi og menningarheimum, hjá fyrirtækjum sem hafa mismunandi tilgang og eru breytileg að stærð, uppbyggingu og flækjustigi, og hún er unnin af einstaklingum innan eða utan fyrirtækis.

Staðfestingarvinna felur í sér hlutlægt mat innri endurskoðandans á gögnum til þess að gefa álit eða niðurstöður um rekstrareiningu, rekstur, starfsemi, ferli, kerfi eða aðra efnispætti. Eðli og umfang staðfestingarverkefna er ákvarðað af innri endurskoðandanum. Almenn komandi aðilar að staðfestingarvinnu: (1) einstaklingurinn eða hópurinn sem tengist með beinum hætti rekstrareiningunni, rekstrinum, starfseminni, ferlinu, kerfinu eða öðrum efnisatriðum — ferileigandinn, 2) einstaklingurinn eða hópurinn sem vinnur matið — innri endurskoðandinn og (3) einstaklingurinn eða hópurinn sem nýtir sér matið — notandinn.

Hlutverk innri endurskoðenda


-dæmi um hlutverk innri endurskoðenda-

Figure 1 – Internal auditing's role in ERM



Hlutverk innri endurskoðenda

-heildarsamhengið-



Hlutverk innri endurskoðenda

-viðmið-

Staðlar um eigindi og verklag.

Staðlarnir gilda um einstaka innri endurskoðendur og starfsemi innri endurskoðunar. Allir innri endurskoðendur eru ábyrgir fyrir því að fylgja stöðlunum hvað varðar hlutlægni einstaklinga, hæfni og fagmennsku, og þeim stöðlum sem snúa að starfsskyldum þeirra. Yfirmenn innri endurskoðunar eru auk þess ábyrgir fyrir heildarsamkvæmni innri endurskoðunardeildar við staðlana í heild sinni.

Ef innri endurskoðendum eða innri endurskoðun er bannað með lögum eða reglum að vinna í samræmi við tiltekin ákvæði staðlanna, þá þarf engu að síður að fylgja öllum öðrum ákvæðum staðlanna og upplýsa um frávik með viðeigandi hætti.

Ef stöðlunum er beitt samhliða kröfum frá öðrum þar til bærum aðilum má, eftir því sem við á, einnig vísa til þeirra krafna í innri endurskoðunarskýrslum. Í slíkum tilvikum, og ef innri endurskoðunin er í samræmi við staðlana og ósamræmi er á milli staðlanna og annarra krafna, skulu innri endurskoðendur og innri endurskoðunardeildin fylgja ákvæðum staðlanna og mega fylgja hinum kröfunum ef þær setja þrengri skorður.

Hlutverk innri endurskoðenda

-eigindastaðlar-

Erindisbréf: Ófrávíkjanleiki grunnreglna faglegrar innri endurskoðunar, siðareglanna, staðlanna og skilgreiningarinnar á innri endurskoðun skal vera viðurkenndur í erindisbréfi innri endurskoðunar. Yfirmaður innri endurskoðunar ætti að ræða við stjórnendur og stjórn um hlutverk innri endurskoðunar og ófrávíkjanlegan hluta alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun.

Óhæði, hlutlægni, fagmennska og hæfni.

Hlutverk innri endurskoðenda

-verklagsstaðlar-

Endurskoðunarferillinn er samvinna og samtal við hagsmunaaðila!

- Áætlangið – val verkefna.
- Áætlunargið verkefnis.
- Framkvæmd endurskoðunar.
 - COSO
 - Staðlarnir: Innri endurskoðun skal með kerfisbundum, öguðum og áhættumiðuðum hætti meta og stuðla að endurbótum á stjórnarháttum fyrirtækisins, áhættustýringu og eftirlitsferlum. Trúverðugleiki og virði innri endurskoðunar eykst þegar innri endurskoðendur starfa með forvirkum hætti og úttektir þeirra fela í sér nýja innsýn og mat á framtíðaráhrifum
- Eftirfylgni skoðunar.

Hlutverk innri endurskoðenda

-hvað ef-

2600 – Miðlun ákvörðunar um að bregðast ekki við áhættu

Í þeim tilvikum sem yfirmaður innri endurskoðunar kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnendur hafi ákveðið að sætta sig við áhættu sem kann að vera óásættanleg fyrir fyrirtækið, skal yfirmaður innri endurskoðunar ræða málið við stjórnendur. Ef yfirmaður innri endurskoðunar metur það svo að málið hafi ekki verið leyst skal yfirmaður innri endurskoðunar upplýsa stjórnina um málið.

Túlkun:

Áhætta sem stjórnendur hafa ákveðið að sætta sig við getur komið fram í staðfestingar- eða ráðgjafarverkefni, við eftirfylgni með aðgerðum sem stjórnendur hafa gripið til í kjölfar fyrri úttekta, eða með öðrum hætti. Yfirmaður innri endurskoðunar ber ekki ábyrgð á ákvörðun um meðhöndlun áhættu.

Hlutverk innri endurskoðenda og samstarf við gæðastjóra

-niðurstöður-

- Innri endurskoðendur vinna mismunandi og leggja mismunandi áherslur í starfi sínu:
 - Styðja við stjórnendur og vinna jafnvel hluta af þeirra vinnu.
 - Sinna eingöngu staðfestingarvinnu og er mjög ákafir í að fylgja stöðlunum.
- Góð samvinna byggir alltaf á trausti, gagnkvæmum og viðurkenndum skilningi á hlutverki aðila en ekki síst getu aðila til vinna úr málunum þegar það kemur upp ólík sýn um mikilvægi eftirlitsþátta og/eða virkni þeirra – lærdómsskipulagsheildin. Við þurfum leiðtoga á báða bóga.
- Það er skýrt að samkvæmt öllum viðmiðunum að þá stjórna stjórnendur skipulagsheildum, aðalatriðið er að innri endurskoðandinn hafi skilgreindan ferill til að koma mati sínu á framfæri við þar til bæra aðila þegar svo ber undir.
- Að leiða ábendingar innri endurskoðenda til lykta er því ekki spurningin um hver eigi að ráða heldur hvernig þær eru leiddar til lykta.

Heimildir

<https://www.google.is/search?q=photo+of+cop&tbm=isch&tbo=u&source=univ&sa=X&ved=0ahUKEwjC9v2Z7L aAhUvMuwKHdE AGAQ7AkIQw&biw=1242&bih=592#imgsrc=4RfpnrJ8UsXpMM:>

<http://ib2psychology.blogspot.is/2015/01/formal-operational-stage.html>

<https://fie.is/wp-content/uploads/2017/01/IPPF-Standards-2017-Icelandic.pdf>

<https://na.theiia.org/standards-guidance/Public%20Documents/PP%20The%20Role%20of%20Internal%20Auditing%20in%20Enterprise%20Risk%20Management.pdf>

<https://www.researchgate.net/figure/Illustration-of-the-core-Three-Lines-of-Defence-model fig1 279180559>

<http://marksaccjokes.blogspot.is/2008/08/origin-of-bayonet-wounded-line.html>

Prudent-Advisory

-tenging-

Heimasíða: <https://www.prudent-advisory.com/>

Email: prudent-advisory@prudent-advisory.com

Sími: 8595700

Linkedin: Gudmundur I. Bergthorsson